



Fundargerð

397. fundur í sveitarstjórn Skaftárhrepps, haldinn á Kirkjubæjarstofu, Kirkjubæjarklaustri kl. 13:00 fimmtudaginn 16. júní 2016. Þetta er 6. fundur ársins.

Fundargerð er tölvuskráð af Söndru Brá Jóhannsdóttur, sveitarstjóra og er 7 blaðsíður
Fundurinn er hljóðritaður og verður hljóðritun geymd í tölvukerfi sveitarfélagsins.

Eva Björk Harðardóttir, oddviti býður fundarmenn velkomna.

Heiða Guðný Ásgeirs dóttir boðar forföll í hennar stað mætir Jóna Björk Jónsdóttir 1. varamaður Z-lista.

Mættir eru undirritaðir sveitarstjórnarmenn.

Viðbót við dagskrá:

I. Málefni til umfjöllunar/afgreiðslu
15. Ársreikningur Klausturhóla 2015

Dagskrárbreyting samþykkt.

Sveitarstjóri og oddviti greina frá gangi mála frá síðasta sveitarstjórnarfundi

Sveitarstjóri og oddviti áttu fund með fulltríum frá Mílu í maí vegna ljósleiðarlagningar í sveitarféluginu. Farið var af stað með tiltektarvikur í dreifbýli Skaftárhrepps í júni sem mun standa fram á sumar og vonumst við til að íbúar sveitarfélagsins nýti tækifærið og taki til hendinni. Sýslumannsembættin á landinu óskuðu eftir samstarfi við sveitarfélögum varðandi umsjón með utankjörfundaratkvaðagreiðslu og hefur skrifstofa sveitarfélagsins séð um það. Sveitarstjóri mætti á vorfund Bergrisans í lok maí þar sem farið var yfir ársreikning byggðasamlagsins og áætlaða fjárbörf vegna 2015 sem er 129 millj.kr. Menntamálaráðherra boðaði sveitarstjóra Mýrdals- og Skaftárhrepps ásamt forsvarsmönnum FSU á fund til að ræða málefni heimavistar á Selfossi. Fyrsti fundur var haldinn í sameiningarnefnd á Höfn í vikunni þar sem farið var yfir fyrstu skref verkefnisins.

Dagskrá

I. Málefni til umfjöllunar/afgreiðslu

1. 1603019 Umsóknir um tjónabætur vegna Skaftárhlaups 2015

Jóna Björk Jónsdóttir Z-lista og Jóhannes Gissurarson Ó-lista lýsa vanhæfi við afgreiðslu málsins og víkja af fundi.

Alls bárust umsóknir frá 6 aðilum að upphæð 22.519 þús.kr. Af því eru 17.159 þús.kr sem heyra beint undir þau skilyrði sem sett voru samkvæmt úthlutun af fjáraukalögum. Eva Björk Harðardóttir, Bjarki Guðnason og Sverrir Gíslason samþykka umsóknir vegna efirtalinna verkefna;



Skaftárhreppur

	óskráður vegur	varnargarðar	girðingar	Samtals
Skaftárdalur	6.000.000	500.000		6.500.000
Búland			200.000	200.000
Múli	1.909.600			1.909.600
Ytri Ásar		4.800.000		4.800.000
Botnar	750.000			750.000
Veiðifélagið Eldvatn	3.000.000			3.000.000

Heildartala umsókna 17.159.600

Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að auglýsa að nýju eftir umsóknum vegna tjóns af völdum Skaftárhlaups sem ekki fæst bætt af öðrum sjóðum líkt og bjargráðasjóði. Þar sem tjón á varnargörðum, óskráðum vegum og girðingum reyndist ekki ná 30 milljónum áskilur sveitarstjórn sér rétt til að úthluta því fjármagni sem eftir stendur til verkefna sem falla undir annarskonar tjón af völdum hlaupsins.

Jóna Björk Jónsdóttir og Jóhannes Gissurarson koma aftur til fundarins.

2. 1606014 Viðauki 1 við fjárhagsáætlun 2016

Framlag affjáraukalögum til að mæta tjóni af völdum Skaftárhlaups 30 millj.

Arðgreiðsla frá Lánaþjóði sveitarfélaga 1.594 þús.kr.

Samtals viðbót við tekjur í A-hluta 31.594 þús.kr.

Aukið starfshlutfall starfsmanns leikskólans Kærabæjar úr 70 í 100% frá júní 2016. Áætlaður viðbótarkostnaður 1 millj.

Tjónabætur vegna Skaftárhlaups 30.000 þús.kr.

Samtals viðbót við rekstrargjöld A-hluta 31.000 þús.kr.

Rekstrarniðurstaða A og B hluta hækkar sem nemur 594 þús.kr. frá upphaflegri áætlun.

Sveitarstjórn samþykkir viðauka.

3. 1605013 Rannsóknasetur að Strönd

Sveitarstjórn þakkar Ármanni Höskuldssyni hjá Jarðvísindastofnun Háskólags og Þorvaldi Pórðarsyni deildarforseta Jarðvísindadeilda HÍ fyrir kynningu á verkefninu fyrr í þessum mánuði og telur verkefnið afar áhugavert. Samkvæmt upplýsingum frá Ríkiseignum er áhugi á búsetu á jörðinni Strönd. Í aðalskipulagi Skaftárhrepps 2010-2022 er Strönd á landbúnaðarsvæði sem hentar vel til landbúnaðar og ræktunarskilyrði eru góð. Markmiðið samkvæmt aðalskipulagi er að landbúnaður sé stundaður á bújörðum í Skaftárhreppi. Sveitarstjórn Skaftárhrepps telur sér því ekki fært að veita sitt samþykki fyrir því að jörðinni sé ráðstafað undir rannsóknarsetur líkt og óskað hefur verið eftir.

4. 1606002 Ályktun aðalfundar kvenfélags Kirkjubæjarhrepps

Sveitarstjórn þakkar erindið og víesar því til umfjöllunar í Æskulýðs- og íþróttanefnd. Nefndinni falið að koma með tillögur að úrbótum fyrir fjárhagsáætlanagerð vegna 2017.

5. 1605019 Heimavist FSU



Sveitarstjóri leggur fram minnisblað um fund sveitarstjóra Skaftár- og Mýrdalshrepps með menntamálaráðherra og forsvarsmönnum Fjölbautarskóla Suðurlands. Sveitarstjórn telur óáættanlegt að ekki standi heimavistarúrræði til boða fyrir þá nemendur úr Vestur-Skaftafellssýslu sem vilja stunda nám við Fjölbautarskóla Suðurlands. Sveitarstjóra falið að óska eftir fundi með forsvarsmönnum Fjölbautarskóla Suðurlands til að ræða mögulegar lausnir fyrir veturinn.

6. 1603032 Drög að mannauðsstefnu Skaftárhrepps

Sveitarstjórn samþykkir mannauðsstefnuna og þakkar Önnu Björk Haraldsdóttur fyrir framlag sitt við vinnu við gerð mannauðsstefnunnar.

7. 1604012 Örbylgjunet í Skaftárhreppi

Sveitarstjórn er ekki fært að skrifa undir fyrirliggjandi samning við Loka Telecom ehf. vegna uppyggingar á örbylgjuneti í Skaftárhreppi þar sem það fer yfir leyfilega samningsfjárhæð samkvæmt innkaupareglum sveitarfélagsins. Á síðustu vikum hafa fjarskiptafyrirtæki sýnt ljósleiðarlagningu í Skaftárhreppi aukinn áhuga. Jafnframt eru væntingar um að byggðarsjónarmið fái aukið vægi í úthlutunarreglum fjarskiptasjóðs.

8. 1604039 Kjör oddvita og varaoddvita

Eva Björk Harðardóttir er kjörin oddviti með þremur atkvæðum EBH, BG og JBJ, SG og JG sitja hjá. Heiða Guðný Ásgeirs dóttir er kjörin varaoddviti með þremur atkvæðum EBH, BG og JBJ, SG og JG sitja hjá.

9. 1606015 Ljósleiðari í Skaftárhreppi

Sveitarstjóri leggur fram minnisblað vegna ljósleiðara í Skaftárhreppi. Sveitarstjórn samþykkti rafraent í mai s.l. að lagt yrði ljósleiðararör samhliða lagningu Rarik á priggja fasa rafmagnsstreng frá Hrifunesi að Hemru í Skaftártungu. Sveitarstjórn mun leggja áherslu á að ljúka undirbúningsvinnu vegna kostnaðaráætlunar og hönnunar á ljósleiðarakerfi í Skaftárhreppi á næstu mánuðum og sækja um fjármagn í verkefnið að nýju í fjarskiptasjóð í haust.

10. 1604022 Afstaða Skaftárhrepps vegna athugasemda N29 ehf.

Sveitarstjórn vísar til fyrri afgreiðslna vegna málsins frá 14. apríl og aftur 14. maí s.l.. Afstaða sveitarstjórnar Skaftárhrepps til umsóknar N29 um leyfi fyrir gistingu í flokki II á Skaftárvöllum 2 er óbreytt.

11. 1606012 Kjörskrá vegna forsetakosninga

Lagður fram kjörskrárstofn frá Þjóðskrá vegna forsetakosninga 25. júní 2016. Meirihluti sveitarstjórnar HGÁ, BG og EBH samþykkti kjörskrá með rafraenum hætti 11. júní s.l. Á kjörskrá eru 353. Sveitarstjóra falið að undirrita hana. Jafnframt er sveitarstjóra veitt fullnaðarheimild til að fylla um athugasemdir, gera nauðsynlegar leiðréttningar, úrskurða um ágreiningsmál sem kurna að koma fram að kjördegi vegna forsetakosninga 25. júní nk. í samræmi við 27. gr. laga um kosningar til Alþingis.



12. 1606016 Deiliskipulag íbúðabyggðar á Skaftárvöllum

Sverrir Gíslason lýsir yfir vanhæfi og víkur af fundi.

Sveitarstjóri leggur fram minnisblað vegna deiliskipulags íbúðabyggðar á Skaftárvöllum. Sveitarstjórn felur sveitarstjóra og skipulags- og byggingarfulltrúa að ræða við aðra landeigendur um möguleika á gerð lóðarleigusamnings vegna þess hluta skipulagsins sem er óbyggður í þeim tilgangi að einfalda úthlutun lóða og gatnagerð á svæðinu.

Sverrir Gíslason kemur aftur til fundarins.

Eva Björk Harðardóttir, oddviti lýsir yfir vanhæfi við afgreiðslu á næsta lið dagskráinnar og víkur af fundi. Við stjórn fundarins tekur sveitarstjóri.

13. 1606013 Endurnýjun rekstrarleyfis Efri-Vík

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við endurnýjun leyfisins.

Eva Björk Harðardóttir kemur aftur til fundarins og tekur aftur við stjórn hans.

14. 1606017 VJP á heimsminjaskrá UNESCO

Sveitarstjórn fagnar því að farið verði af stað í þessa vinnu og bakkar boð umhverfis- og auðlindaráðuneytisins um þátttöku í samráði við vinnslu tillögu um Vatnajökulsþjóðgarð á heimsminjaskrá UNESCO. Jafnframt leggur sveitarstjórn ríka áherslu á að fullt tillit verði tekið til annarra nýtingarmöguleika á svæðinu.

15. 1606021 Ársreikningur Klausturhóla 2015

Sveitarstjóri fer yfir helstu niðurstöður ársreiknings 2015. Sveitarstjórn lýsir ánægju sinni með jákvæða niðurstöðu ársreikningsins og samþykkir hann með undirritun sinni.

II. Fundargerðir til samþykktar

1. 1605028 64. fundur íþróttá- og æskulýðsnefndar. 14.05.2016. Fundargerð samþykkt.
2. 1603011 112. fundur rekstrarnefndar Klausturhóla. 26.05.2016.

Sveitarstjórn tekur undir þakkir rekstrarnefndar til Önnu Gyðu Gunnlaugsdóttur hjúkrunarforstjóra fyrir störf hennar í þágu Klausturhóla og býður um leið Matthildi Pálsdóttur nýjan hjúkrunarforstjóra velkomna til starfa.

Fundargerð samþykkt.

3. 1606009 117. fundur skipulagsnefndar. 13.06.2016

Eva Björk Harðardóttir oddviti lýsir yfir vanhæfi og víkur af fundi. Sveitarstjóri tekur við stjórn fundarins.

1. 1606004 Efri – Vík – Lýsing aðalskipulagsbreytingar



Lögð er fram lýsing aðalskipulagsbreytingar vegna Efri-Víkur. Í breytingunum felst að skilgreind eru frekari svæði fyrir frístundabyggð og hluti frístundabyggðar auk núverandi svæðis hestamannafélagsins verður breytt í íbúðarbyggð í dreifbýli.

Lýsing er samþykkt til auglýsingar og kynningar á heimasiðu sveitarfélagsins. Hún skal jafnframt liggja frammi á skrifstofu sveitarfélagsins til kynningar. Tillaga aðalskipulagsbreytingar og deiliskipulag skulu unnin á grundvelli lýsingar.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

2. 1606005 Efri – Vík – Breyting á deiliskipulagi

Lögð er fram tillaga að breytingu á deiliskipulagi Efri-Víkur. Í breytingunni felst að afmarkaður er byggingarreitur fyrir torfhús sem ætlað er sem sýningarhús í tengslum við ferðaþjónustu. Að auki er gert ráð fyrir nýjum byggingarreit fyrir heilsulind hótel sbr. Skilmálum.

Breyting á deiliskipulagi samþykkt. Nefndin telur að breytingin sé minniháttar og skuli hljóta meðferð í samræmi við 2.mgr.43.gr.skipulagslaga nr.123/2010.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Eva Björk Harðardóttir kemur aftur inná fundinn og tekur við stjórn hans.

3. 1604008 Botnar - Deiliskipulag

Lagt er fram breytt deiliskipulag á grundvelli áður samþykktar lýsingar. Í breytingunni felst stækkan á núverandi framleiðslu úr 19 t í 300 t auk þess sem skilgreindur er viðbótar byggingarreitur fyrir eldishús.

Samþykkt. Nefndin mælist til þess að skipulagið verði auglýst í samræmi við 1.mgr.43.skipulagslaga nr.123/2010.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

4. 1603043 Hesthúsasvæði - Deiliskipulag

Lögð er fram tillaga að nýju deiliskipulagi fyrir hesthúsasvæði Kirkjubæjarklaustri. Tillagan rúmast innan gildandi aðalskipulags sveitarfélagsins.

Samþykkt. Nefndin mælist til þess að skipulagið verði auglýst í samræmi við 1.mgr.43.skipulagslaga nr.123/2010.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

5. 1606007 Hrifunes – Deiliskipulag

Deiliskipulagið nær til verslunar –og þjónustusvæðis á lóð með landnúmer 213047 sem er í Hrifunesi í Skaftárhreppi. Skipulagið tekur til íbúðarhúss, ferðaþjónustuhúsa og bílastæða.

Samþykkt. Nefndin mælist til þess að skipulagið verði auglýst í samræmi við 1.mgr.43.skipulagslaga nr.123/2010



Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

9. Aðalskipulag – Lýsing fyrir breytingu á þéttbýlinu á Kirkjubæjarklaustri vegna gestastofu

Lög er fram lýsing aðalskipulagsbreytingar á þéttbýlisuppdrátti. Um er að ræða skilgreiningu nýs stofnanasvæðis fyrir gestastofu Vatnajökulsþjóðgarðs.

Lýsing er samþykkt til auglýsingar og kynningar á heimasiðu sveitarfélagsins. Hún skal jafnfram liggja frammi á skrifstofu sveitarfélagsins til kynningar. Tillaga aðalskipulagsbreytingar og deiliskipulag skulu unnin á grundvelli viðkomandi lýsingar.

Lagt fram til atkvæðagreiðslu: Samþykkt með þremur atkvæðum.

Jóhannes Gissurarson og Guðmundur Vignir sitja hjá og óska sér bókunar:

Í bókun meirihluta skipulagsnefndar frá 10. maí sl. Vegna staðsetningar gestastofu og sem samþykkt var í sveitarstjórn þann 14. maí síðastliðinn lagði skipulagsnefnd sveitarfélagsins til að gerð yrði greining á því hvort einhver kostnaður falli á sveitarfélagið vegna viðkomandi staðsetningar. Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum virðist staðsetning gestastofu vera ákveðin þrátta fyrir að engin slík úttekt liggi fyrir. Því kjósum við að sitja hjá við þessa afgreiðslu.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt af EBH, BG, SG og JBJ. JG situr hjá.

Sverrir Gíslason óskar bókunar;

Ég samþykki staðsetningu gestastofu við Sönhól en það eru mér vonbrigði að ekkert fjármagn sé komið í göngubrú yfir Skaftá samhliða því að staðsetning gestastofu er nú ákveðin. Ég legg ríka áherslu að unnið verði hratt og vel að því að göngubrú yfir Skaftá verði að veruleika samhliða byggingu gestastofu.

Aðrir fundarmenn taka undir bókun Sverris.

Fundargerð í heild samþykkt.

III. Fundargerðir til kynningar.

1. 1604031 34. fundur félagsmálanefndar RogVS. 23.05.2016. *Fundargerð kynnt.*
2. 1604030 509. Fundargerð stjórnar SASS. 18.05.2016. *Fundargerð kynnt.*
3. 1603026 172. fundargerð Heilbrigðisnefndar Suðurlands. 25.05.2016. *Fundargerð kynnt.*
4. 1604026 839. Fundargerð Sambands íslenskra sveitarfélaga. 27.05.2016. *Fundargerð kynnt.*
5. 1605012 Fundargerð Aðalfundar Hfsu. 01.06.2016. *Fundargerð kynnt.*
6. 1604031 35. félagsmálanefndar RogVS. 13.06.2016. *Fundargerð kynnt.*

IV. Annað kynningarefni.

1. 1605027 Afrit af erindi OS til Sigurðar Hannessonar. 17.05.2016. *kynnt.*
2. 1604047 Ársreikningur 2015 FSRV. *kynnt.*
3. 1605023 Samrit af erindi Harðar Davíðssonar til Orkustofnunar. 12.05.2016. *kynnt.*
4. 1606019 Ársreikningur 2015 Náttúrustofa Suðausturlands. *kynnt.*
5. 1604032 Framvinduskýrsla maí bygging verknámsaðstöðu FSU. *kynnt.*
6. 1606020 Sauðfé á þjóðvegi 1. 15.05.2016. *kynnt.*



Skaftárhreppur

Næsti fundur áætlaður 14. júlí 2016

Fundargerð lesin upp og samþykkt

Fundi slitið kl. 17.05

Eva Björk Harðardóttir

Eva Björk Harðardóttir

Sverrir Gíslason

Sverrir Gíslason

Jóna Björk Jónsdóttir

Jóna Björk Jónsdóttir

Johannes Gissurarson

Johannes Gissurarson

Bjarki Guðnason

Bjarki Guðnason

